



## Skóli Ísaks Jónssonar

Sjálfseignarstofnun

### Skólanámskrá SÍJ

#### Enska – 4. bekkur

Námsefninu er skipt niður í þemu og er ákveðinn orðaforði tekinn fyrir í hverju þema. Nemendur rifja upp það sem þeir hafa lært fram að þessu og auka enn frekar við þekkingu sína í tungumálinu. Þau þemu sem tekin eru fyrir í 9 ára bekk eru eftirfarandi: Almenn upprifjun, líkaminn, fólk, tölur 0-100, dagar, mánuðir og árstíðir. Nemendur vinna ýmis verkefni í tínum og kynnast tungumálinu í gegnum söngva, samtalsæfingar og leiki.

#### Matsviðmið

##### Frásögn

Notað þann orðaforða og setningar sem farið hefur yfir í munnlegri tjáningu.

Byggt ofan á fyrri þekkingu sína á tungumálinu.

Notað sífellt flóknari setningar og orðaforða.

Borið orðin rétt fram og af öryggi.

Tjáð sig nokkuð hnökralaust.

##### Lesskilningur

Þekkt allan þann grunnorðaforða sem æfður hefur verið markvisst frá upphafi tungumálanámsins og gagnast í daglegu tali.

Notað þá tungumálaþekkingu sem hann hefur öðlast í tungumálanámi sínu frá upphafi til þess að lesa einfalda texta.

Þekkt stafrófið.

Lesið einfalda texta (upphátt eða í hljóði) nokkuð hjálparlaust með því að finna í textanum orð og orðasambönd sem hann hefur lært.

##### Menningarlæsi

Áttað sig á menningarmun á milli landa þar sem tungumálið er talað og hans heimalands.

Talið upp nokkur þeirra landa þar sem tungumálið er talað og hvaða heimsálfum þau tilheyra.

Þekkt þjóðfána Bretlands, Bandaríkjanna og fleiri enskumælandi landa

Sungið sífellt flóknari söngtexta á tungumálinu.

##### Námshæfni

Notað ýmis hjálparargögnum til að festa nýjan orðaforða í sessi.

Metið hvort hann hafi leyst verkefni vel eða illa af hendi.

Tengt nýjan orðaforða og umfjöllunarefni kennslustunda því sem hann þekkir úr sínu tungumáli og umhverfi.

Unnið verkefni sem einstaklingur, í pörum og hópum

## **Ritun**

Öðlast frekari færni í að skrifa orð á tungumálinu  
Skrifað einfaldar setningar á tungumálinu  
Skrifað stuttan texta með einföldum orðum.

## **Samskipti**

Tjáð sig af auknu öryggi  
Myndað lengri setningar í samtölum  
Tekið þátt í einföldum samræðum um líðan og daglegt líf

## **Virkni og samskipti**

Tekið virkan þátt í tímum og farið eftir fyrirmælum sem gefin eru.  
Sýnt skólfelögum og starfsfólki virðingu, tillitssemi og kurteisi.

## **Námsmat**

Nemendur fá umsögn á Mentor sem byggir á virkni og þátttöku í tímum. Við mat á hæfniviðmiðum er stuðst við virkni og þátttöku í tímum, verkefni sem nemendur hafa unnið og niðurstöður úr munnlegum og/eða skriflegum könnunum.